

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 31. maí 2022.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Flosi Eiríksson og Kolbeinn Gunnarsson.

Frá sambandinu: Ellisif Tinna Víðisdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Félagslíðar

Málið var tekið til áframhaldandi umræðu frá 64. fundi nefndarinnar.

Fyrirhugað er að fyrsti nemendahópurinn af nýrri námsbraut félagsliða á 3. hæfnisprepi mun útskrifast á árinu 2023. Gangi það eftir, munu störf allra félagsliða teljast á 3. hæfnisprepi frá þeim tíma. Áralagnt fordæmi er fyrir þessari framkvæmd gagnvart öðrum fagstéttum þegar nám þeirra hefur verið lengt og færst á hærra hæfnisprep.

Þeir félagslíðar sem lokið hafa framhaldsnám félagsliða í öldrun og fötlun teljast hafa lokið sambærilegu námi á 3. hæfnisprepi og taka því starfsmatsröðun samkvæmt því. Við þá breytingu á röðun falla jafnframt niður greiðsla persónuálags fyrir framhaldsnámið, samkvæmt gr. 10.2.3.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um þessa niðurstöðu.

2. Bókun 8 [2020] - Tímavinnufólk

Á grundvelli bókunar 8 frá 2020 um tímavinnufólk vinna aðilar að tillögum um jöfnun kjara og réttinda milli tímavinnufólks og annarra starfsmanna sem undir kjarasamninginn heyra. Málið rætt áfram.

Niðurstaða:

Á næsta fundi nefndarinnar munu fulltrúar SGS kynna tillögur sínar.

3. Launadreifing starfsmanna skóla

Til áframhaldandi umræðu var almenn tilhögun launadreifingar vegna starfsmanna skóla í þeim tilgangi að til verði sameiginleg túlkun aðila á málinu. SGS hafði lagt fram greinargerð og SNS drög að leiðbeiningum um launadreifingu starfsfólks.

Niðurstaða:

Málið var rætt áfram. Fulltrúar SNS lögðu áherslu á að aðilar kæmu sér saman um nánari leiðbeiningar um almenna tilhögun launadreifingar og í framhaldi yrði farið í að aðlaga reiknivél sem notuð hefur verið til útreiknings starfshlutfalls þeirra sem eru í launadreifingu.

Samstarfsnefndin var sammála um að setja á stofn vinnuhóp skipaðan tveimur fulltrúum frá hvorum aðila til að vinna tillögur á þessum grunni sem lagðar verða fyrir samstarfsnefnd.

Fundi slitið.